

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 173/1997. **X**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Y

Kærumál. Svipting lögræðis. Ómerking úrskurðar héraðsdóms.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. apríl 1997, þar sem hafnað var beiðni sóknaraðila um, að dóttir hans, varnaraðili í máli þessu, verði svipt sjálfræði. Kæruheimild er í 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til meðferðar að nýju. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Héraðsdómari þingaði í máli þessu 7. apríl sl. á Kleppsspítala og tók skýrslu af varnaraðila, sem þar var vistuð gegn vilja sínum samkvæmt 3. mgr. 13. gr. lögræðislaga, að sóknaraðila fjarstöddum og án þess að boða hann til þinghalds. Tók héraðsdómari í sama þinghaldi skýrslu af einum lækni og tók síðan málið til úrskurðar um fram komnar kröfur, eftir að skipaður verjandi varnaraðila hafði einn tjáð sig um þær.

Með því að taka málið til úrskurðar án þess að gefa sóknaraðila kost á að tjá sig um kröfur og gagnaöflun virti héraðsdómari að vettugi meginreglu réttarfars um jafnræði málsaðila fyrir dómi. Þegar af þessari ástæðu verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar að nýju.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar að nýju.
